

Alþingi
Erindi nr. P 142/138
komudagur 1.7.2013



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 1. júlí 2013

Efni: Umsögn BSRB um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum, þskj. 40 - 25. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um almannatryggingar nr. 100/2007, og lög um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum (frítækjumörk, tekjutengingar og eftirlitsheimildir).

Bandalagið leggur áherslu á að áfram verði unnið að endurskoðun almannatrygginga og að sú nefnd sem sett var á laggirnar á fyrra kjörtímabili skipuð fulltrúum frá öllum þingflokkum, aðilum vinnu- markaðarins og helstu hagsmunaaðilum verði starfandi áfram.

Bandalagið tekur undir sjónarmið Femínistafélags Íslands þar sem fram kemur að eðlilegra hefði verið að hækka grunnlífeyri almannatrygginga sem nýst hefði fleirum, en að hækka frítækjumark þeirra sem hafa atvinnu- og fjármagnstekjur. Bandalagið er þar af leiðandi ekki sammála þeirri fullyrðingu sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins að það hafi ekki bein áhrif á jafnrétti kynjanna.

Bandalagið tekur jafnframt undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn fjármálaráðuneytisins með frumvarpinu þar sem segir að erfitt verði að framfylgja þeirri stefnumörkun um jöfnuð í ríkisfjármálum á árinu 2014 með þeim útgjaldaauka sem leiðir af ákvæðum frumvarpsins, nema gerðar verði ráðstafanir til að draga úr framlögum til annarra málaflokka í sama mæli eða leggja á hærri skatta til tekjuöflunar. Nú þegar hafa boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar í för með sér útgjaldaauka og skertar tekjur upp á tæpa 20 milljarða króna og með þessu frumvarpi eykst hann í tæpa 24 milljarða. Vandséð verður hvernig þeirri breytingu verður mætt nema með umfangsmiklum niðurskurði í almannaþjónustunni og af því hefur BSRB verulegar áhyggjur.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink, reading 'Helga Jónsdóttir', is placed above the printed name.

Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri BSRB